

NÝMÆLI Í AÐALSKIPULAGI

Lýsing

Taka saman lýsingu á hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni. Í lýsingu þarf að koma fram hver verða helstu viðfangsefnin, hvernig samráði verður háttað og helstu tímasetningar. Leita á umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsinguna og annarra fagstofnana eftir því sem við á. Kynna á lýsinguna fyrir almenningi með auglýsingu, dreifibréfi eða íbúafundi.

Rammahluti aðalskipulags

Ákvæði fyrir endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða á nýjum svæðum eða fyrir einstök viðfangsefni.

Nýr tímafrestur á afgreiðslu

Senda skal Skipulagsstofnun samþykktu tillögu að aðalskipulagi innan tólf vikna frá því að athugasemdafrestur rann út, í stað 8 vikna áður.

Staðfesting aðalskipulags

Skipulagsstofnun skal innan 4 vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi, staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda eins fljótt og auðið er. Þar með hættir Skipulagsstofnun að senda aðalskipulagstillögu til staðfestingar ráðherra nema þegar stofnunin telur að synja eða fresta beri aðalskipulagi að hluta eða öllu leyti.

Endurskoðun aðalskipulags

Ákveði sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum að ekki sé þörf á að endurskoða aðalskipulagið skal tilkynna Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Samþykki sveitarstjórn óverulega breytingu á aðalskipulagi skal hún auglýsa niðurstöðu sína og senda rökstudda tillögu til Skipulagsstofnunar. Þar með er ekki lengur gert ráð fyrir að almenningur geri athugasemdir við óverulega breytingu á aðalskipulagi. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal það tilkynnt sveitarstjórn og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.